

**101. fundur
fræðslunefndar
haldinn í Grunnskólanum við Borgarbraut
miðvikudaginn 7. október 2009 og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla og Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

Fundargerð ritaði: Arna Sædal Andrésdóttir.

Dagskrá:

1. 0910006 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (07.10.2009)

- Ljósmyndari kom og tók myndir bæði hópmyndir og einstaklingsmyndir.
- Fyrirlestur um Grænfána verkefnið var mjög fróðlegur og við erum byrjaðar að undirbúa umsókn um grænfánann aftur.
- Inga Stefánsdóttir sálfræðingur er búin að koma einu sinni og líst okkur mjög vel á samstarf við hana.
- Nú standa yfir foreldrafundir deilda og síðar í haust verður aðalfundur foreldrafélagsins þar sem verður kosin ný stjórn félagsins sem einnig kemur til með að starfa sem foreldraráð. Fyrir því er heimild í nýjum lögum um leikskóla.
- Fljótlega verða tekin inn tvö börn í aðlögun og eru það seinustu aðlaganir á þessu ári, en það liggja fyrir 3 umsóknir.

Fyrirspurn: Hversu oft kemur Inga sálfræðingur í leikskólann? Kemur einu sinni í mánuði.

2. 0910007 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (07.10.2009)

- Örfáir punktar frá skólastjóra:
- Gengið verður frá skipan í skólaráð á morgun.
- Foreldrafundum er ný lokið, þeir voru vel sóttir.
- Umhverfisnefnd er komin á laggirnar innan skólans og ætlar skólinn að sækja um grænfánann.

- Vettvangsferð um skólann, skoðaðar helstu breytingar sem átt hafa sér stað við flutning grunnskólans undir eitt þak.

Fræðslunefnd þakkar kærlega fyrir móttökurnar í skólanum og lýsir ánægju sinni yfir því hversu vel hefur tekist að koma öllum nemendum og starfsfólki skólans fyrir undir einu þaki.

3. Önnur mál.

- Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11.40